

Samningur um þjónustu á sviði starfsendurhæfingar milli VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs og þjónustuaðila utan heilbrigðisstétta

Með undirritaðri og innsendri umsókn sinni um aðild að samningi þessum á sviði starfsendurhæfingar milli VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs og þjónustuaðila utan heilbrigðisstétta, samþykkir þjónustuaðilinn samning þennan og skuldbindur sig til að fara eftir honum í einu og öllu á meðan samningssambandið varir.

1 VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður og þjónustuaðili

Hlutverk VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs (hér eftir VIRK) er að móta, samþætta og hafa eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa. VIRK starfar samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

VIRK er sjálfseignarstofnun sem að standa öll helstu samtök launafólks og atvinnurekenda á Íslandi. Nánari upplýsingar um stofnaðila má sjá á vefsíðu VIRK.

Helstu áherslupættir þjónustunnar eru eftirfarandi:

1. **Áhersla á þarfir einstaklinga.** Öll þjónusta og aðferðarfræði í starfsendurhæfingu skal taka mið af fjölbreyttum þörfum einstaklinga og taka tillit til andlegrar og líkamlegrar heilsu sem og félagslegra aðstæðna viðkomandi einstaklinga.
2. **Snemmbært inngrip.** Mikil áhersla er lögð á mat til að greina þarfir einstaklinga og snemmbært inngrip sem gerir þeim betur fært að viðhalda eða auka við starfshæfni sína.
3. **Virk þátttaka einstaklinga.** Einstaklingurinn tekur virkan þátt í að skipuleggja endurkomu sína til vinnu eða á vinnumarkaðinn og lögð skal áhersla á að hann sé virkur í skipulagningu og framkvæmd eigin starfsendurhæfingar.
4. **Tengsl við vinnumarkað og atvinnulíf.** Markmiðið er ávallt að einstaklingur viðhaldi ráðningarsambandi sínu eða fái starf við hæfi. Megináhersla skal lögð á endurkomu í sama starf hjá sama atvinnurekanda en ef það er ekki mögulegt þá í annað starf hjá sama atvinnurekanda. Gerð skal áætlun um endurkomu í vinnu í samstarfi við einstakling og alla hagsmunaaðila.

Þjónustuaðili er félag eða einstaklingur sem veitir þjónustu, sem felur ekki í sér heilbrigðisþjónustu og hefur á grundvelli innsendrar umsóknar óskað eftir að veita einstaklingum í atvinnutengdri starfsendurhæfingu þjónustu í samræmi við þau úrræði sem hann býður VIRK hverju sinni.

2 Skilgreiningar

Með **ráðgjafa** í þessum samningi er átt við ráðgjafa sem starfar á vegum VIRK. Hlutverk ráðgjafans er að veita einstaklingum ráðgjöf til að viðhalda og efla virkni til vinnu. Ráðgjafinn heldur utan um mál einstaklinga, er þeim til aðstoðar, hvetur þá og aðstoðar. Ráðgjafi er tengiliður einstaklinga í starfsendurhæfingarferlinu og vinnur í nánú samstarfi við sérfræðinga VIRK, utanaðkomandi sérfræðinga og þjónustuaðila um allt land og þar með talið þá þjónustuaðila sem eru aðilar að þessum samningi.

Með **sérfræðingi VIRK** í þessum samningi er átt við sérfræðinga sem starfa hjá VIRK við þróun, umsjón og eftirlit með þjónustu á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar.

Með **einstaklingi** í þessum samningi er átt við þá einstaklinga sem eru í þjónustu VIRK (í starfsendurhæfingarferli) og undir handleiðslu ráðgjafa VIRK og hefur verið vísað í þjónustu til þjónustuaðila, sem er aðili að þessum samningi, af ráðgjafa eða sérfræðingi VIRK.

Með **þjónustuaðila** í þessum samningi er átt við félag eða einstakling sem veitir þjónustu s.s. einstaklingsbundna ráðgjöf eða námskeið sem gagnast einstaklingum í atvinnutengdri starfsendurhæfingu en felur ekki í sér heilbrigðisþjónustu sem þarfnast starfs- eða sérfræðileyfis sem útgefið er af Embætti landlæknis.

Með **umsókn** þjónustuaðila í samningi þessum er átt við umsókn sem þjónustuaðili hefur undirritað og sent VIRK ásamt nauðsynlegum fylgigögnum þar sem hann óskar eftir aðild að samningnum og VIRK hefur staðfest að hafi verið samþykkt.

Með **tilboði** þjónustuaðila í þessum samningi er átt við úrræði og forsendur úrræðis sem þjónustuaðili hefur gert aðgengilegt í upplýsingakerfi VIRK og býður einstaklingum upp á.

Með **þjónustubeiðni** í þessum samningi er átt við tölvupóst eða SMS úr upplýsingakerfi VIRK, frá ráðgjafa eða sérfræðingi VIRK, til þjónustuaðila þar sem óskað er eftir þjónustu fyrir tiltekinn einstakling.

Með **hópúrræði** í þessum samningi er átt við námskeið sem þjónustuaðili annast, þar sem fleiri en einn einstaklingur eru saman í þjónustu á sama tíma.

Með **upplýsingakerfi VIRK** í samningi þessum er átt við rafrænt upplýsingakerfi VIRK. Gerð er krafa um að samskipti samningsaðila og sending gagna fari fram í því kerfi. Í kerfinu er þjónustuaðila úthlutað aðgangur að sérstöku heimasvæði (*Mínar síður*) sem aðgengilegt er með rafrænum skilríkjum. Fyrirspurnum og óskum um tæknilega aðstoð vegna kerfisins skal beint til úrræðasviðs VIRK eða á netfangið: urraedi@virk.is.

3 Markmið og tilgangur

Markmið þessa samnings er að bjóða einstaklingsbundin úrræði sem efla vinnufærni þeirra einstaklinga sem vísað er í þjónustu hjá þjónustuaðila í samræmi við hlutverk og áherslur VIRK, sbr. 1. gr. samnings þessa og markmiða sem lýst er í þjónustubeiðnum. Markmið samningsins er að skilgreina verkferla og samskipti milli samningsaðila meðal annars m.t.t. miðlunar persónuupplýsinga.

4 Gildissvið

Samningur þessi gildir þegar ráðgjafar eða sérfræðingar á vegum VIRK óska formlega eftir þjónustu þjónustuaðila sem samþykktur hefur verið til að starfa skv. samningi þessum. Um er að ræða þjónustu einstaklinga sem vísað er til fagaðila af hálfu VIRK með það að markmiði að auka starfsgetu viðkomandi og möguleika á að snúa aftur til vinnu.

Samningur þessi nær ekki til þjónustu heilbrigðisstarfsmanna.

5 Aðild að samningnum og afgreiðsla umsókna

Til að fá aðild að samningi þessum þurfa áhugasamir þjónustuaðilar að fylla út umsókn sem sækja þarf á vefsíðu VIRK (www.virk.is). Umsóknin skal send inn á Mínar síður þjónustuaðila í upplýsingakerfi VIRK ásamt nauðsynlegum fylgigögnum, sbr. fylgiskjal 1.

Með sama hætti geta fyrirtæki sem óska eftir að veita einstaklingsþjónustu samkvæmt samningi þessum sent inn umsókn sama efnis og þjónustuaðilar í einstaklingsrekstri. Í þeim tilfellum skulu erindinu þó fylgja öll viðeigandi gögn og upplýsingar um hvern þann þjónustuaðila sem starfar innan fyrirtækisins og munu inna þjónustuna af hendi.

Ef umsóknin uppfyllir ekki fyrrnefnd skilyrði, áskilur VIRK sér rétt til að hafna umsókninni eða að gefa þjónustuaðila tækifæri til að breyta umsókninni. Ef umsóknin er fullnægjandi að mati VIRK (eða hefur verið leiðrétt) er þjónustuaðila send staðfesting þar um og þjónustuaðila síðan bætt á lista yfir aðila sem VIRK hefur samþykkt og bjóða fram þjónustu sína. Telst samningur kominn á milli aðila við útgáfu þess samþykkis.

Samþykki VIRK á umsókn þjónustuaðila um aðild að samningi þessum felur ekki í sér skuldbindingu fyrir VIRK um kaup á þjónustu. Að því marki sem kemur til kaupa á þjónustu á grundvelli þessa samnings hefur VIRK frjálssar hendur með það til hvaða þjónustuaðila innan þessa samnings ráðgjafar leita á hverjum tíma, en tekið er mið bæði af verði þjónustu sem og af sérfræðisviði, reynslu, landfræðilegri staðsetningu starfsstöðvar og árangri. Tilvísun í þjónustu ræðst einnig af þörf einstaklinga fyrir viðkomandi þjónustu.

Þjónustuaðilar skulu uppfæra gögn og upplýsingar um þjónustu sína eftir þörfum og að beiðni VIRK.

6 Innihald og framkvæmd þjónustu

Eftir að umsókn þjónustuaðila hefur verið samþykkt skal þjónustuaðili færa inn í upplýsingakerfi VIRK viðeigandi upplýsingar um þau úrræði og námskeið sem standa einstaklingum til boða hjá honum. Nauðsynlegt er að upplýsingar séu skýrar um verð, umfang, tímabil og eðli þjónustunnar.

Þjónustuaðili skal veita einstaklingi sem VIRK vísar til hans faglega þjónustu sem er í samræmi við þá þjónustubeiðni. Þjónustan skal að öðru leyti taka mið af markmiðum og stefnu VIRK í starfsendurhæfingu þar sem megin markmiðið með þjónustunni er að einstaklingurinn geti tekið virkan þátt á vinnumarkaði.

7 Umfang þjónustu og miðlun upplýsinga

Í þjónustubeiðni til þjónustuaðila frá ráðgjafa (eða sérfræðingi) VIRK skal alltaf tiltekið umfang þjónustunnar þ.e. hvenær þjónustan á að hefjast, þjónustutímabilið og umbeðið magn þjónustu. Ekki er greitt fyrir aðra þjónustu en beðið er um samkvæmt formlegri beiðni frá ráðgjafa eða sérfræðingi VIRK. Upplýsingar um ráðgjafa og sérfræðinga hjá VIRK er að finna á heimasíðu VIRK www.virk.is. Leiti einstaklingar eða aðrir aðilar til þjónustuaðila í nafni VIRK ber að vísa viðkomandi til VIRK áður en þjónusta er veitt. Það á einnig við um ef einstaklingur í þjónustu óskar eftir áframhaldandi þjónustu þjónustuaðila að þjónustutímabili loknu.

Þjónustuaðili annast boðun einstaklings í þjónustu og skuldbindur sig til að veita einstaklingi sem beint er til hans þjónustu sem fyrst. Jafnframt skal leitast við að tryggja samfellu í þjónustu og ljúka henni innan þeirra tímamarka sem farið er fram á.

Í þjónustubeiðni skal ráðgjafi/sérfræðingur VIRK tilgreina markmið einstaklings með þjónustunni.

Ef þjónustuaðili metur að þjónustubeiðnin sé ekki nægjanlega skýr, frekari upplýsingar vanti, hann treystir sér ekki til að veita umbeðna þjónustu, eða að ná henni innan tilskilins þjónustutíma, ber honum að láta þann starfsmann VIRK (ráðgjafa eða sérfræðing) sem sendi honum þjónustubeiðnina vita án tafar. Þjónustuaðilum er jafnframt heimilt að hafna einstökum beiðnum í upplýsingakerfi VIRK.

Í lok þjónustu skal þjónustuaðili fylla inn í upplýsingakerfi VIRK upplýsingar um ástundun einstaklings, árangur og lýsingu á því hvort að þeim markmiðum sem lýst var í þjónustubeiðni hafi verið náð.

8 Greiðsla fyrir þjónustu

Fyrir hvern þann einstakling sem vísað er í þjónustu til þjónustuaðila af hálfu ráðgjafa eða sérfræðings VIRK er greitt fyrir veitta þjónustu samkvæmt samkomulagi hverju sinni óháð tilboði þjónustuaðila.

Umsamið verð skal vera heildargreiðsla fyrir þjónustu, samskipti við ráðgjafa, aðstöðu, öll gögn, tól og tæki o.fl. sem þjónustuaðilar kunna að notast við í þjónustu sinni.

Þjónustuaðila sem aðild á að þessum samningi er heimilt að breyta tilboði sínu á samningstíma. Hækkun á tilboði eða gjaldskrá þjónustuaðila hefur ekki áhrif á greiðslu fyrir þjónustu sem þegar hefur verið pöntuð og skuldbindur hann sig til að ljúka þjónustu þeirra einstaklinga sem hafið hafa þjónustu hjá honum á því verði sem í gildi var þegar óskað var eftir þjónustunni.

Þjónustuaðila er óheimilt að innheimta nokkurt gjald af einstaklingum sem vísað er til hans af VIRK án þess að það sé sérstaklega tilgreint í þjónustubeiðni VIRK. Í þeim tilfellum þar sem um greiðslupátttöku einstaklinga er að ræða annast þjónustuaðili innheimtu þess hluta greiðslunnar gagnvart einstaklingnum. VIRK ábyrgist ekki greiðslupátttöku einstaklinga.

Reikningar þjónustuaðila vegna þjónustunnar skulu útbúnir mánaðarlega fyrir nýliðinn mánuð og þurfa að hafa borist fyrir 15. hvers mánaðar og greiðast þá innan 15 daga frá móttöku ef ekki eru gerðar athugasemdir. Þeir skulu stílaðir á:

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður

Borgartúni 18,
105 Reykjavík

(kennitala VIRK er: 440608-0510)

Reikningarnir skulu uppfylla skilyrði um form og efni sölureikninga og innihalda kennitölu og bankaupplýsingar þjónustuaðila.

Með reikningum skal fylgja yfirlit yfir mætingar úr upplýsingakerfi VIRK, þar sem tilgreint er málsnúmer einstaklings, pöntunarnúmer og aðrar upplýsingar um þjónustu sem innt hefur verið af hendi.

Ef í ljós kemur að reikningur er ekki réttur miðað við fyrirliggjandi beiðni um þjónustu eða að gögn samkvæmt þessum samningi hafa ekki verið afhent þá er VIRK heimilt að halda eftir greiðslu þar til úr því hefur verið bætt.

9 Hópúrræði

Hafi þjónustuaðili með umsókn sinni lýst sig reiðubúinn til að veita einstaklingum þjónustu í formi hópúrræða, getur VIRK, eftir því sem tilefni er til, haft samband við þjónustuaðila og kannað hvort hann geti tekið að sér að veita þá þjónustu sem VIRK leitar eftir.

Skulu aðilar þá semja sérstaklega um verð fyrir þá þjónustu m.t.t. fjölda einstaklinga og umfangs áður en veiting þjónustu hefst. Um þjónustu fyrir einstaklinga í hópúrræðum skal samningur þessi gilda að öðru leyti.

10 Kröfur, ábyrgð, tryggingar og starfsleyfi

Þjónustuaðili sem óskar eftir aðild að samningi þessum skal uppfylla allar opinberar kröfur um faglega þjónustu, rekstur og eftirlit og hafa þá fagþekkingu og þau leyfi og réttindi sem krafist er af viðkomandi starfsemi í samræmi við þau lög sem eiga við.

Starfsstöð þjónustuaðila skal uppfylla almennar kröfur um aðbúnað og aðgengi, hafa góða loftræstingu og lýsingu og vera með aðgang að salerni. Þjónustuaðili skal tilkynna VIRK um mögulegar breytingar á staðsetningu starfsstöðvar.

Þjónustuaðili ber að fara eftir almennum réttarreglum og ber skaðabótaábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn á hans vegum valda. Hann skal jafnframt hafa allar lögboðnar tryggingar sem eiga við um þá starfsemi sem hann rekur.

Komi að mati VIRK í ljós verulegur misbrestur á því að þjónustuaðili uppfylli skyldur sínar og gæðakröfur skv. samningi þessum veitir það VIRK heimild til að rifta samningi við viðkomandi þjónustuaðila. Það sama gildir ef þjónustuaðili eða starfsmenn hans hafa gerst sekir um brot gegn almennum hegningarlögum eða refsíákvæðum sérlaga.

Komi til vanefnda skulu almennar reglur kröfuréttar, samningaréttar og skaðabótaréttar gilda um samning þennan að öðru leyti en því er greinir sérstaklega á um í ákvæðum hans.

11 Framsal á réttindum eða skyldum

Þjónustuaðila er með öllu óheimilt að veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum. Jafnframt er honum óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningi þessum eða fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum hans, að hluta eða öllu leyti nema með skriflegu samþykki VIRK. Á það einnig við aðstoðarmenn eða nema sem kunna að starfa á vegum þjónustuaðila. Sé slík heimild veitt, breytast í engu skyldur þjónustuaðila gagnvart VIRK.

12 Þagnarskylda og trúnaður

Þjónustuaðili sinnir trúnaðar- og ábyrgðarverkefnum að beiðni VIRK. Trúnaður þessi gildir áfram eftir lok samningstímabilsins.

Þjónustuaðili lýsir því yfir að hann muni virða þá trúnaðarskyldu sem á honum hvílir og þagnarskyldu sem á honum kann að hvíla samkvæmt þeim lögum og siðareglum, sem um starf hans gilda. Þjónustuaðila ber skylda til að meðhöndla allar upplýsingar, skjöl og gögn sem hann fær aðgang að vegna þessa samnings af fyllsta trúnaði og gæta þess að enginn óviðkomandi komist yfir þær.

Þrátt fyrir að samningur þessi beri með sér skrifleg fyrirmæli VIRK telst þjónustuaðili ábyrgðaraðili við vinnslu persónuupplýsinga um þátttakendur og einstaklinga í skilningi 6. tl. 3. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. VIRK telst jafnframt ábyrgðaraðili í skilningi sama ákvæðis vegna þeirra persónuupplýsinga sem skráðar eru í upplýsingakerfi sjóðsins. Er því ekki þörf á gerð sérstaks vinnslusamnings vegna þjónustukaupanna heldur ber hvor samningsaðili um sig ábyrgð á að vinnslan samrýmist ákvæðum laganna.

Þjónustuaðili skal sjá til þess að aðeins þeir starfsmenn hans sem nauðsynlega þurfa að hafa aðgang að upplýsingum um einstaklinga í þjónustu hafi slíkan aðgang og aðeins að því marki sem nauðsynlegt er til að veita þá þjónustu sem veitt er. Þjónustusali skal tryggja að vinnsla upplýsinga og skráningar í upplýsingakerfi VIRK séu ætíð í samræmi við lög, samning þennan og tilgang þjónustunnar. Framangreint dregur þó ekki úr skyldu VIRK til að tryggja að krafa um skráningu á upplýsingum í upplýsingakerfi sjóðsins eigi sér stoð í og sé í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018.

Í þeim tilfellum sem stofnaður er fyrirtækjaaðgangur fyrir þjónustuaðila sem óska eftir að veita einstaklingsþjónustu á grundvelli samningsins ber fyrirsvarsmáður viðkomandi lögaðila ábyrgð á fyrirtækjaaðgangi að upplýsingakerfi VIRK. Aðgengi þjónustuaðila að þeim fyrirtækjaaðgangi er á ábyrgð fyrirsvarsmanns fyrirtækisins og ber honum skylda til að gæta að því að ekki sé fleirum innan fyrirtækisins veittur tengiliðaaðgangur fyrir fyrirtækið en nauðsyn krefur innanhúss til að taka við beiðnum og vísa í viðeigandi farveg hjá þjónustuaðila.

Þjónustuaðili skal viðhafa viðeigandi og fullnægjandi öryggisráðstafanir til að tryggja nægilega öryggi persónuupplýsinga í starfsemi sinni og vernda þær gegn ólöglegri eyðileggingu. Þjónustuaðili skal tilkynna VIRK án tafar um öryggisbrot við meðferð persónuupplýsinga á grundvelli þessa samnings. Ef um öryggisbrot er að ræða sem þjónustusali ber ábyrgð á skal hann jafnframt ganga úr skugga um að tilkynningarskylda til Persónuverndar og hinna skráðu samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2018 sé uppfyllt.

VIRK skal eiga rétt á upplýsingum frá þjónustuaðila um meðferð hans á persónuupplýsingum í tengslum við þjónustu við einstaklinga sem VIRK vísar þangað. Jafnframt skal VIRK heimill aðgangur að gögnum í þeim tilgangi að afla upplýsinga og skýringa á vinnslu persónuupplýsinga í starfsemi þjónustuaðila og sannreyna að vinnslan samræmist persónuverndarlögum og öðrum lögum og reglum sem um þjónustuna gilda.

Þjónustuaðili skal bregðast við erindum skráðra einstaklinga vegna réttinda þeirra samkvæmt lögum um persónuvernd en leiðbeina skráðum einstaklingi að beina fyrirspurn sinni til persónuverndarfulltrúa VIRK ef erindið snýr að vinnslu sem þjónustuaðili telur á ábyrgð VIRK. Í vafatilvikum skulu samningsaðilar hafa með sér samráð um hvernig erindum skuli svarað.

Hvor samningsaðili um sig skal, sem ábyrgðaraðili við vinnslu persónuupplýsinga, upplýsa þátttakendur um vinnsluna, og kalla eftir samþykki þar sem við á, í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018.

Við samningslok mun VIRK sem ábyrgðaraðili loka á aðgang þjónustuaðila að upplýsingakerfi sjóðsins, jafnframt mun VIRK eftir atvikum loka á aðgang þjónustuaðila að upplýsingum um einstaklinga í þjónustu eftir að þjónustu við viðkomandi einstakling er lokið. Þjónustuaðila, sem ábyrgðaraðili þeirra gagna sem finna má í skrá hans, ber að ganga úr skugga um að sú vinnsla og varðveisla samrýmist ákvæðum laga nr. 90/2018 eða annarra laga og reglna sem um vinnsluna kunna að gilda. Jafnframt ber þjónustuaðila að hafa í gildi verklag sem tryggir að starfsmenn eða aðrir á hans vegum vinni ekki upplýsingar um einstaklinga í þjónustu án skýrrar lagaheimildar þ.m.t. með varðveislu gagna og upplýsinga eftir að þjónustu er lokið.

Brot á trúnaði, ákvæðum laga um meðferð persónuupplýsinga og þagnarskyldu getur leitt til fyrirvaralausrar riftunar á þjónustusamningi.

13 Eftirlit og árangur

Sé mætingu eða ástundun einstaklingsins ábótavant ber þjónustuaðila að tilkynna það til ráðgjafa tafarlaust með skilaboðum í upplýsingakerfi VIRK. Tilkynningarskylda þessi gildir jafnt um einstaklingsúrræði og hópúrræði. Ráðgjafinn mun í framhaldinu ræða endurskoðun starfsendurhæfingaráætlunar við einstaklinginn og meta hvort ástæða sé til að hætta að veita einstaklingi þjónustuna. Ákvörðunarvald um hvort þjónustu skuli framhaldið er á hendi VIRK og er þjónustuaðila óheimilt að vísa einstaklingi úr þjónustu að eigin frumkvæði.

Ráðgjafar og sérfræðingar VIRK eða fulltrúar þeirra munu hafa eftirlit með þjónustu þjónustuaðila og skal þjónustuaðili afhenda þeim upplýsingar um þjónustu, árangur og skipulag þegar óskað er eftir slíkum upplýsingum. Eftirlitið miðar m.a. að því að tryggja að tegund þjónustu, magn, gæði, kostnaður og árangur sé í samræmi við samning aðila m.t.t. þeirrar greiðslu sem VIRK innir af hendi. Eftirlitið getur m.a. falið í heimsókn á starfsstöð þjónustuaðila. Þjónustuaðila er skylt að veita ráðgjöfum og sérfræðingum VIRK þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna greiðslna skv. þessum samningi og vegna eftirlitshlutverks VIRK.

14 Ágreiningur

Rísi ágreiningur vegna framkvæmdar samningsins eða einstakra samningsákvæða og túlkunar á þeim skuldbinda aðilar samnings þessa sig til að leita allra leiða til að leysa ágreining innbyrðis. Reynist nauðsynlegt að reka mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

15 Gildistími og uppsögn

Samningur þessi er ótímabundinn og tekur gildi 24. október 2023. Samningurinn gengur framur og kemur að öllu leyti í stað fyrri samninga VIRK við þá þjónustuaðila sem hann tekur til.

VIRK er heimilt að segja samningnum upp með 3 mánaða fyrirvara. VIRK áskilur sér rétt til og er heimilt að breyta einhliða ákvæðum þessa samnings en skal tilkynna samningsaðilum um það með þriggja mánaða fyrirvara.

Þjónustuaðili, sem ekki vill lengur starfa samkvæmt þessum samningi, skal tilkynna það skriflega til VIRK með 1 mánaðar fyrirvara miðað við mánaðamót. Segi þjónustuaðili upp samningi þessum er hann þó skuldbundinn til að ljúka þjónustu þeirra einstaklinga sem hafið hafa þjónustu hjá honum á grundvelli samþykkt tilboðs, óski VIRK eftir því.

VIRK er heimilt að segja samningi þessum upp gagnvart einstökum þjónustuaðilum, með þriggja mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 24. október 2023

F.h. VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs

Vigdís Jónsdóttir,
forstjóri

Undirritunarsíða

forstjóri VIRK
Vigdís Jónsdóttir